

Fréttatilkynning



Góð afkoma SPK á fyrri helmingi 2007 Hagnaður riflega áttfaldast -arðsemi eigin fjár 121,5%

Rekstur

Afkoma Sparisjóðs Kópavogs (SPK) á fyrri árshelming ársins 2007 er sú langbesta í sögu sparisjóðsins. Hagnaðurinn er mun hærri en áður hefur sést í bókum sjóðsins á heilu ári. Tímabilið var sjóðnum einstaklega hagfellt og hagnaður langt umfram áætlanir.

Hagnaður SPK fyrstu 6 mánuði ársins 2007 er 983 millj.kr. fyrir skatta en var 106 millj.kr. á sama tímabili árið 2006, aukningin nemur 831,6%. Að teknu tilliti til skatta er hagnaður tímabilsins 811 millj.kr. í samanburði við 96 millj.kr. fyrri hluta árs 2006. Hagnaður eftir skatta eykst um 745,7% milli tímabila.

Arðsemi eiginfjár var 121,5% á ársgrundvelli. Er þetta mesti hagnaður og hæsta arðsemi í sögu SPK.

Vaxtatekjur fyrri hluta árs 2007 eru 1.148 millj.kr. og dragast saman um 3,8% frá sama tímabili fyrra árs. Vaxtagjöld aukast um 4,8% og eru alls 1.035 millj.kr. Hreinar vaxtatekjur sparisjóðsins eru 113 millj.kr. en voru 206 millj.kr. á sama tíma árið 2006.

Vaxtamunur, þ.e. vaxtatekjur að frádegnum vaxtagjöldum í hlutfalli af meðalstöðu heildarfjármagns, er nú 1,0% en var 2,2% á sama tímabili árið 2006.

Aðrar rekstrartekjur á fyrri hluta ársins 2007 eru 1.202 millj.kr. samanborið við 132 millj.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinar rekstrartekjur eru 1.363 millj.kr. samanborið við 389 millj.kr. á sama tímabili 2006.

Laun og launatengd gjöld eru 167 millj.kr. en voru 102 millj. á sama tímabili í fyrra, eða 63,2% hækjun milli tímabila. Afskrift rekstrarfjármuna er 3,8 millj.kr. sem er 45,4% lækkun frá sama tíma í fyrra. Annar rekstrarkostnaður er 157 millj.kr. samanborið við 119 millj.kr. á sama tíma í fyrra, 32,3% hækjun.

Rekstrargjöld sem hlutfall af meðalstöðu efnahags eru 2,5% á ársgrundvelli og lækkar úr 3,0% fyrir árið 2006. Kostnaðarhlutfall er 24,1% en var 58,7% á sama tíma í fyrra.

Virðisrýrnun útlána er 52 millj.kr. samanborið við 55,0 millj.kr. fyrstu 6 mánuði ársins 2006. Afskriftareikningur útlána er 0,9% af heildarútlánum og veittum ábyrgðum, var 1,1% í árslok 2006.

Efnahagur

Útlán til viðskiptavina eru 17.169 millj.kr., aukast um 1.351 millj.kr. frá áramótum eða um 8,6%. Helsta útlánsform er sem fyrr verðtryggð lán.

Almenn innlán ásamt lántöku eru 18.561 millj.kr. samanborið við 16.591 millj.kr. í árslok 2006. Almenn innlán eru 11.993 millj.kr., aukast um 7,4% frá áramótum, sem er einkar ánægjuleg þróun. Lántaka er 6.568 millj.kr. samanborið við 5.419 millj.kr. í árslok 2006. Hllutfall almennra innlána af útlánum er hátt og þar af leiðandi er fjármögnun sparisjóðsins sterk.

Heildarfjármagn í lok júní er 25.102 millj.kr., lækkar um 4.052 millj.kr. frá árslokum 2006 eða 19,3%.

Eigið fé

Eigið fé SPK í árslok 2006 er 2.083 millj.kr., lækkar um 664 millj.kr. fyrstu 6 mánuði ársins 2007 eða 46,9%. Eiginfjárlutfall samkvæmt CAD-reglum er 14,9% en var 11,3% um síðustu áramót. CAD-eiginfjárlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.

Nánari upplýsingar veitir:

Carl H. Erlingsson, sparisjóðsstjóri, sími 515-1900 - carl@spk.is

Helstu niðurstöður úr rekstri og efnahag:

- Hagnaður SPK tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 er 983 millj.kr. fyrir skatta samanborið við 106 millj.kr. hagnað sama tímabil árið 2006.
- Hagnaður eftir skatta er 811 millj. kr. samanborið við 96 millj.kr. fyrstu 6 mánuði ársins 2006.
- Arðsemi eigin fjár er 121,5% á ársgrundvelli en var 20,3% á sama tímabili 2006.
- Vaxtatekjur eru 1.148 millj. kr. og drögust saman um 3,8% frá sama tímabili árið 2006.
- Vaxtagjöld eru 1.034 millj. kr. og jukust um 4,8% frá sama tímabili árið 2006.
- Hreinar vaxtatekjur eru 113 millj.kr. samanborið við 206 millj.kr. á sama tímabili 2006, drögust saman um 44,9%.
- Hreinar rekstrartekjur eru 1.363 millj. kr. samanborið við 389 millj. kr. á sama tímabili 2006, aukast um 974 millj.kr. eða 250%.
- Rekstrargjöld eru 328 millj.kr. fyrstu 6 mánuði ársins og aukast um 43,7% frá sama tímabili árið 2006. Launakostnaður hækkar um 63,2% en almennur rekstrarkostnaður hækkar um 32,3%.
- Kostnaðarhlutfall er 24,0% samanborið við 58,6% á sama tímabili 2006.
- Virðisrýrnun útlána er 52 millj.kr. samanborið við 55 millj.kr. á sama tímabili 2006. Afskriftareikningur, reiknaður af útlánum og veittum ábyrgðum, er 0,93%.
- Útlán til viðskiptavina eru 17.169 millj.kr. aukast um 8,5% frá árslokum 2006.
- Almenn innlán eru 11.993 millj.kr. aukast um 7,4% frá árslokum 2006.
- Eigið fé í lok júní 2007 er 2.086 millj.kr. hækkar um 664 millj.kr. frá áramótum eða 46,85%.
- Eiginfjárhlfall samkvæmt CAD-reglum er 14,9%
- Vaxtamunur tímabilsins 1,0% samanborið við 2,2% sama tímabil árið 2006.
- Heildarfjármagn í júní lok 2007 er 25.102 millj.kr., hækkar um 4.051 millj. kr. eða 19,3% frá áramótum.

REKSTRARREIKNINGUR:	30 júní 2007	30 júní 2006	Breyting
Vaxtatekjur.....	1.148.440	1.193.322	-3,8%
Vaxtagjöld.....	(1.034.946)	(987.308)	4,8%
	Hreinar vaxtatekjur	113.494	206.014
			-44,9%
Pjónustutekjur.....	82.105	78.240	4,9%
Pjónustugjöld.....	(34.917)	(27.820)	25,5%
	Hreinar pjónustutekjur	47.188	50.420
			-6,4%
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárvkulnum.....	1.106.017	130.490	747,6%
Aðrar rekstrartekjur.....	96.066	1.794	5254,8%
	Hreinar rekstrartekjur	1.362.765	388.718
			250,6%
Laun og launatengd gjöld.....	(167.058)	(102.368)	63,2%
Annar rekstrarkostnaður.....	(156.931)	(118.650)	32,3%
Afskriftir.....	(3.863)	(7.081)	-45,4%
	Rekstrargjöld samtals	(327.852)	(228.099)
			43,7%
Virðisrýrnun útlána.....	(51.631)	(55.075)	-6,3%
	Hagnaður fyrir skatta	983.282	105.544
			831,6%
Tekjuskattur.....	(172.680)	(9.690)	1682,0%
	Hagnaður ársins	810.602	95.854
			745,7%

EFNAHAGSREIKNINGUR:	30 júní 2007	31 des. 2006	Breyting
Eignir			
Sjóður og kröfur á lánastofnanir.....	50.361	64.467	-21,9%
Kröfur á lánastofnanir.....	2.751.260	1.518.880	81,1%
Útlán.....	17.169.442	15.817.519	8,5%
Veltufjáreignir.....	1.330.113	849.777	56,5%
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði.....	2.989.681	2.169.131	37,8%
Rekstrarfjármunir.....	13.975	595.774	-97,7%
Aðrar eignir.....	797.245	34.568	2206,3%
Eignir samtals	25.102.077	21.050.116	19,2%
Skuldir			
Innlán frá fjármálfyrirtækjum.....	3.111.861	1.574.003	97,7%
Almenn innlán.....	11.992.945	11.172.114	7,3%
Lántaka.....	6.568.444	5.418.525	21,2%
Víkjandi lán.....	715.995	703.360	1,8%
Lífeyrisskuldbindingar.....	46.272	31.353	47,6%
Skattskuld.....	419.143	246.463	70,1%
Aðrar skuldir.....	164.762	486.050	-66,1%
Skuldir samtals	23.019.422	19.631.868	17,3%
Eigið fé			
Stofnfé.....	479.992	417.698	14,9%
Varasjóður.....	1.602.663	1.000.550	60,2%
Eigið fé samtals	2.082.655	1.418.248	46,8%
Skuldir og eigið fé samtals	25.102.077	21.050.116	19,2%

KENNITÖLUR:	1/1-30/06 2007	1/1-30/06 2006
Arðsemi eigin fjár (á ársgrundvelli).....	121,5%	20,3%
Eiginfjárlutfall (CAD).....	14,9%	11,3%
Eiginfjárlutfall (eiginfjárbáttur A).....	17,0%	14,2%
Vaxtamunur (hreinar vaxtatekjur / meðalstöðu fjármagns).....	1,0%	2,2%
Afskriftareikningur sem hlutfall af útlánum.....	0,9%	1,1%
Kostnaðarhlutfall.....	24,1%	58,7%
Aðrar rekstrartekjur í hlutfalli af kostnaði.....	415,7%	170,4%